

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar, afþreyingar- og ferðamannasvæði í suðurhlíð Langjökuls.

Skipulagsstofnun staðfesti 28. janúar 2022 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. nóvember 2021.

Í breytingunni felst að um 2 ha óbyggt svæði í suðurhlíð Langjökuls er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF33) þar sem áformað er að gera manngerðan íshelli sem nýttur verður sem viðkomustaður ferðamanna.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 28. janúar 2022.

F.h. forstjóra,

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 11. febrúar 2022